



5. febrúar 2020  
Tíl. : 20011860

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu (nauðungarsala og eftirstöðvar), 150. löggjafarþing, 459. mál

Með tölvupósti dags. 23. janúar 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 39. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 þannig að „*glati samningur um fasteignalán veðtryggingu í fasteign í kjölfar nauðungarsölu eða í tengslum við önnur atvik eða úrræði skv. 38. gr. sem leiða til yfirtöku á veði getur lánveitandi ekki krafð neytanda um frekari greiðslu eftirstöðva lánsins*“.

Frumvörp sem hafa stefnt að sama markmiði og ofangreint frumvarp hafa verið lögð fram nokkrum sinnum áður.

Bent er á að Seðlabankinn sendi umsagnir um sams konar frumvörp þann 10. desember 2009 og 4. apríl 2014 þar sem m.a. var bent á þau efnahagslegu áhrif sem slík lagasetning gæti haft.

Þá sendi Fjármálaeftirlitið (nú Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands) umsagnir við sambærileg frumvörp þann 9. júlí 2009, 7. desember 2009 og 20. apríl 2012 þar sem bent var á þau áhrif sem slík lög gætu haft á eftirlitsskylda aðila.

Loks er bent á að Seðlabankinn skilaði umsögn þann 21. júní 2013 um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi en í þeiri umsögn vísaði Seðlabankinn til umsagnar Seðlabankans frá 10. desember 2009.

Seðlabankinn telur margt af því sem fram kemur í framangreindum umsögnum enn eiga við.

S E Ð L A B A N K I Í S L A N D S

K A L K O F N S V E G I I · 1 0 1 R E Y K J A V Í K

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is) · BRÉFASÍMI: 569 9605



2

## Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Guðrún Finnborg Þórðardóttir Grímur Sigurðarson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605